



### 3. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Þjónustumiðstöð UMFÍ 2. nóvember 2017 kl. 16:30.

---

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Lárus B. Lárusson (LBL), Gunnar Þór Gestsson (GÞG) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Helga Jóhannesdóttir (HeJ) og Gunnar Gunnarsson (GG).

**1. Fundur settur** kl. 16:30.

SÓJ tekur sæti aðalmanns.

**2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.**

Helstu verkefni undanfarið hafa verið frágangur eftir mót sumarsins og starfsmannaviðtöl.

**3. Ársáætlun stjórnar, framkvæmdastjórn og röðun stjórnarmanna.**

- a. Formaður leggur til að Örn Guðnason verði varaformaður, Hrönn Jónsdóttir ritari og Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri. Tillagan samþykkt.
- b. ÖG falið að gera tillögu um tímasetningar stjórnarfunda 2018–2019 og senda á stjórnarmenn.

**4. Kynning á starfsemi UMFÍ.**

- a. AIP flutti stutta kynningu um starfsemi og uppbyggingu UMFÍ.

**5. Fjármál hreyfingarinnar:** 9 mánaða uppgjör lagt fram og umræða um stöðu mála.

**6. Samþykktir frá 50. sambandsþingi UMFÍ.**

- a. **Þingskjal 23 (heiðursviðurkenningar):** Samþykkt að skipa starfshóp til að fara yfir núverandi reglugerð og koma með tillögu að breytingum.
- b. **Þingskjal 24 (lýðheilsuverkefni):** Samþykkt að skipa starfshóp til að koma með tillögu að verkefni til að vinna að.
- c. **Þingskjal 25 (ferðakostnaður vegna landsliðsferða):** AIP falið að koma málinu á framfæri við ÍSÍ og Mennta- og menningamálaráðuneytið.
- d. **Þingskjal 26 (ungmenni á þingum):** Hvatningin móttækin og henni tekið fagnandi.
- e. **Þingskjal 28 (húsnæðismál):** Ákveðið að setja starfshóp undir starf fjárhagsnefnd UMFÍ (sjá lið 7.b).

**7. Farið yfir nefndir og nefndarskipan.**

Drög að skipan nefnda. Í framhaldinu verður óskað eftir tillögum að nefndarmönnum úr hreyfingunni. Framkvæmdastjóra falið að setja upp erindisbréf fyrir nefndirnar þannig að þær geti tekið til starfa í kjölfar næsta fundar þegar nefndirnar hafa verið fullskipaðar.

- a. **Framkvæmdastjórn:** JSI formaður, RH og GS. HV til vara.
- b. **Fjárhags- og fasteignanefnd:** GS formaður, JSI +3 (LBL til vara)

- c. **Laganefnd:** RH. Samþykkt að leita eftir samstarfi við laganefnd ÍSÍ varðandi yfirferð á lögum sambandsaðila.
- d. **Fræðslunefnd:**
- e. **Lýðheilsu- og forvarnarmál:** GþG og HrJ.
- f. **Menningar og útgáfunefnd:** GG og ÖG.
- g. **Umhverfisnefnd:** SÓJ.
- h. **Ungmennaráð:** Ungmennaráð UMFÍ hefur tekið á móti umsóknum í ráðið og lagt til 5 nöfn, tillaga Ungmennaráðs samþykkt.
- i. **Þrastaskógarnefnd:** HrJ.
- j. **Nefnd um starf eldri ungmennafélaga:** RH.
- k. **Vinnuhópur um framtíðarverkefni:** JSÍ, GG og ÖG.
- l. **Vinnuhópur um heiðranir:** ÖG og LBL.
- m. **Vinnuhópur um tölvukerfi (Felix):** GG og GþG.

## 8. Markmið og væntingar stjórnar á starfstímabilinu.

Umræða um helstu verkefni og áherslur næstu tvö árin.

## 9. Önnur mál:

- a. **Dagur sjálfboðaliðans** verður 4. desember 2017.
- b. **41. sambandsráðsfundur 13. janúar 2018.** AIP og HV falið að vera í sambandi við Íþróttabandalögin sem sótt hafa um aðild að UMFÍ. GS formaður, LBL og RH skipuð í starfshóp til undirbúnings fyrir sambandsráðsfundinn.
- c. **Bréf frá MMR** varðandi rekstrarsamning árin 2018–2020 lagt fram.

**Næsti fundur 9. desember kl. 11:00.**

**Fundi slitið kl. 20:37.**

**HrJ ritaði fundargerð.**